

# HEILBRIGÐISEFTIRLIT AUSTURLANDS

Ársskýrsla 2021



# Efnisyfirlit

|          |                                      |           |
|----------|--------------------------------------|-----------|
| <b>1</b> | <b>INNGANGUR</b>                     | <b>2</b>  |
| 1.1      | STJÓRNSÝSLULEG SKIPAN                | 2         |
| 1.2      | SKAMMSTAFANIR                        | 2         |
| <b>2</b> | <b>HEILBRIGÐISNEFND</b>              | <b>3</b>  |
| 2.1      | STARF HEILBRIGÐISNEFNDAR AUSTURLANDS | 4         |
| <b>3</b> | <b>STARFSLIÐ HAUST ÁRIÐ 2021</b>     | <b>5</b>  |
| 3.1      | STARFSMENN                           | 5         |
| 3.2      | ENDURMENNTUN OG SAMSTARFSFUNDIR      | 5         |
| <b>4</b> | <b>STARFSEMI HAUST 2021</b>          | <b>6</b>  |
| 4.1      | ÚTGEFIN STARFSLEYFI ÁRIÐ 2021        | 6         |
| 4.2      | EFTIRLIT ÁRSINS                      | 7         |
| 4.3      | SÝNATAKA                             | 7         |
| 4.4      | TÓBAKSSÓLULEYFI                      | 8         |
| 4.5      | KVARTANIR OG ÁBENDINGAR              | 8         |
| <b>5</b> | <b>MATVÆLAEFTIRLIT 2021</b>          | <b>9</b>  |
| 5.1      | NIÐURSTÖÐUR SÝNATÖKU                 | 9         |
| 5.2      | MATVÆLAHÓPUR                         | 12        |
| <b>6</b> | <b>HOLLUSTUHÁTTAEFTIRLIT 2021</b>    | <b>13</b> |
| 6.1      | GISTISTAÐIR                          | 13        |
| 6.2      | SKIPASKOÐANIR                        | 14        |
| 6.3      | SUND- OG BAÐSTAÐIR                   | 14        |
| 6.4      | HOLLUSTUHÁTTAHÓPUR                   | 15        |
| <b>7</b> | <b>MENGUNARVARNAEFTIRLIT 2021</b>    | <b>16</b> |
| 7.1      | SÝNATAKA VIÐ FRÁVEITUR               | 16        |
| 7.2      | UMHVERFISGÆÐAHÓPUR                   | 16        |
| <b>8</b> | <b>LOKAORÐ</b>                       | <b>17</b> |



## 1 INNGANGUR

Hér gefur að líta samantekt um starfsemi Heilbrigðiseftirlits Austurlands árið 2021. Ársskýrslan er eingöngu gefin út rafrænt og er send öllum sveitarfélögum á starfssvæði HAUST og helstu samstarfsstofnunum. Auk þess er ársskýrslan ásamt fyrri ársskýrslum HAUST aðgengileg á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Austurlands, [www.haust.is](http://www.haust.is).

### 1.1 Stjórnsýsluleg skipan

Heilbrigðiseftirlit Austurlands er eitt 9 heilbrigðiseftirlitssvæða sem starfrækt eru á vegum sveitarfélaga á Íslandi, en samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal ekkert sveitarfélag vera án heilbrigðiseftirlits. Að Heilbrigðiseftirliti Austurlands standa fimm sveitarfélög, það eru Vopnafjörður, Múlaþing, Fljótsdalshreppur, Fjarðabyggð, og sveitarfélagið Hornafjörður. Árið 1998 stofnuðu sveitarfélögin á svæðinu byggðasamlag um rekstur heilbrigðiseftirlits og er stjórn byggðasamlagsins jafnframt heilbrigðisnefnd svæðisins.

### 1.2 Skammstafanir

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar í skýrslunni:

|                                      |       |
|--------------------------------------|-------|
| Heilbrigðiseftirlit Austurlands      | HAUST |
| Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna | HES   |
| Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða     | SHÍ   |
| Samtök sveitarfélaga á Austurlandi   | SSA   |
| Matvælastofnun                       | MAST  |
| Umhverfisstofnun                     | UST   |
| Umhverfis- og auðlindaráðuneyti      | UAR   |



## 2 HEILBRIGÐISNEFND

Fulltrúar í heilbrigðisnefnd, sem einnig mynda stjórn byggðasamlags um rekstur Heilbrigðiseftirlits Austurlands, eru kosnir til fjögurra ára í senn á fyrsta aðalfundi HAUST eftir sveitarstjórnarkosningar. Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar sveitarfélaganna, einn fulltrúi náttúruverndarnefnda og einn fulltrúi frá samtökum atvinnurekanda.

Í kjölfar sameiningar sveitarfélaga á Austurlandi 2020 voru gerðar breytingar á nefndarskipan á aðalfundi HAUST í október 2020: Heilbrigðisnefnd er nú þannig skipuð:

|                                |                                                                                                                                                                                                                        |
|--------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Formaður:                      | Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð                                                                                                                                                                                      |
| Varaformaður:                  | Stefán Bogi Sveinsson, Múlaþingi<br>Gunnhildur Imsland, Hornafjörður<br>Helgi Hlynur Ásgrímsson, Múlaþingi<br>Sandra Konráðsdóttir, Vopnafirði                                                                         |
| Fulltrúi atvinnurekanda:       | Benedikt Jóhannsson, Fjarðabyggð                                                                                                                                                                                       |
| Fulltrúi náttúruverndarnefnda: | Kristín Ágústsdóttir, Fjarðabyggð                                                                                                                                                                                      |
| Varamenn:                      | Hjördís Helga Seljan Þóroddsdóttir, Fjarðabyggð<br>Gauti Jóhannesson, Múlaþingi<br>Benedikta Guðrún Svavarsdóttir, Múlaþingi<br>Kristján Sigurður Guðnason, Hornafjörður<br>Ásdís Helga Bjarnadóttir, Fljótsdalshreppi |
| F.h. atvinnurekanda:           | Auður Ingólfssdóttir, Fljótsdalshérað                                                                                                                                                                                  |
| F.h. náttúruverndarnefnda:     | Lovísa Rósa Bjarnadóttir, Hornafirði                                                                                                                                                                                   |



## 2.1 Starf Heilbrigðisnefndar Austurlands

Heilbrigðisnefnd fundar að jafnaði sex sinnum á ári. Flestir fundir nefndarinnar eru fjarfundir enda langt á milli nefndarmanna. Nefndin reynir þó að hittast reglulega til að funda auk aðalfundar. Á árinu 2021 hittust nefndarmenn, ásamt starfsmönnum, á Síreksstöðum í Vopnafirði. Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Austurlands bs. var haldinn á Hótel Höfn. Allar fundargerðir heilbrigðisnefndar eru aðgengilegar á vefsíðu HAUST.

Fundir Heilbrigðisnefndar Austurlands á árinu 2021 voru sem hér segir:

- |                        |                               |
|------------------------|-------------------------------|
| 24. febrúar            | 28. apríl                     |
| 2. júní                | 1. september                  |
| 14. október Vopnafirði | 3. nóvember – Aðalfundur Höfn |
| 1. desember            |                               |



Mynd 1. Hluti heilbrigðisnefndar ásamt starfsfólki á Síreksstöðum í Vopnafirði



### 3 STARFSLIÐ HAUST ÁRIÐ 2021

#### 3.1 Starfsmenn

Alls starfa sex starfsmenn hjá HAUST í 4,9 stöðugildum. Engar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi frá því í fyrra. Elínborg Sædís, sem starfað hafði í afleysingum hjá HAUST, fékk réttindi sem heilbrigðisfulltrúi á árinu og var í kjölfarið gengið frá fastráðningu við hana. Aðalskrifstofa HAUST er að Austurvegi 20, 730 Reyðarfirði. Starfsmenn HAUST eru sem hér segir:

Tafla 1. Starfsmenn HAUST á árinu 2021 voru eftirfarandi:

| Starfsmaður                                                                                                                 | Stöðugildi                                         |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------|
| Borgbór Freysteinnsson, <b>BF</b><br>mjólkurfræðingur                                                                       | 40% stöðugildi.                                    |
| Dröfn Svanbjörnsdóttir <b>DS</b><br>heilbrigðisverkfræðingur og heilbrigðisfulltrúi                                         | 100% stöðugildi, sviðsstjóri<br>mengunarvarnasviðs |
| Elínborg Sædís Pálsdóttir <b>ESP</b><br>M.Sc í líffræði                                                                     | 75% stöðugildi                                     |
| Ólöf Vilbergsdóttir <b>ÓV</b><br>M.Sc. í umhverfisverndun og -stjórnun og B.Sc. í umhverfisfræðum<br>og heilbrigðisfulltrúi | 75% stöðugildi                                     |
| Leifur Þorkelsson, <b>LÞ</b><br>sjávarútvegsfræðingur og heilbrigðisfulltrúi                                                | 100% stöðugildi, framkvæmdastjóri                  |
| Lára Guðmundsdóttir, <b>LG</b><br>M.Sc. í auðlindafræði og heilbrigðisfulltrúi                                              | 100% stöðugildi,<br>staðgengill framkvæmdastjóra   |

#### 3.2 Endurmenntun og samstarfsfundir


Ferðalög starfsmanna út fyrir eftirlitssvæðið voru ekki tíð á árinu en þó ekki jafn fátíð og árið 2020. Sú fræðsla sem starfsmönnum stóð til boða á árinu var í gegnum fjarfundabúnað. MAST stóð reglulega fyrir fræðslu á árinu, meðal þess sem fjallað var um voru lítil sauðfjár- og geitasláturhús, sóttvarnavottorð og skipaskoðanir. Starfsmenn sátu einnig námskeið hjá UST um loftræstingu í febrúar. Samstarf milli MAST og UST var með hefðbundnum hætti og sátu starfsmenn mánaðarlega samráðsfundi.

Framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlitssvæðanna hittust mánaðarlega á fjarfundi og var vofundur þeirra haldinn með sama móti. Haustfundur samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi var haldinn á teams í nóvember.



## 4 STARFSEMI HAUST 2021

Hlutverk heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er m.a. að gefa út starfsleyfi og hafa eftirlit með starfsemi starfsleyfisskyldra fyrirtækja samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli. Starfsemi HAUST má skipta upp í 3 megin svið, hollustuháttasvið, mengunarvarnasvið og matvælasvið.




Mynd 2. Fjöldi eftirlitsskyldra starfsstöðva

Fjöldi eftirlitsskyldra starfsstöðva á starfssvæði HAUST var 1.420 árið 2021. Fyrirtækjum með starfsleyfi fækkaði lítillega á milli ára en þau voru 1.425 árið áður. Farið verður nánar yfir fjölda starfsstöðva eftir sviðum síðar í þessari skýrslu.

### 4.1 Útgefin starfsleyfi árið 2021

Alls voru gefin út 188 starfsleyfi árið 2021 þar af voru 20 tímabundin starfsleyfi. Um er að ræða nokkurra fjölgun frá fyrra ári en þá voru gefin út samtals, 124 starfsleyfi.



Mynd 3. Útgefin starfsleyfi 2017-2021.



## 4.2 Eftirlit ársins

Eftirlitsáætlun ársins 2021 gerði ráð fyrir að alls 899 starfsstöðvar yrðu heimsóttar á árinu í tengslum við reglubundið eftirlit. Heimsóttar voru 826 starfsstöðvar eða 92% sem er talsvert hærra hlutfall en árið 2020 þegar 76% starfsstöðva voru heimsóttar sem skýrist að stærstum hluta af Covid-19 faraldrinum.


Tafla 2. Eftirlitsferðir ársins 2021

|                          | Hollustuháttasvið | Matvælasvið | Mengunarvarnasvið | Alls       |
|--------------------------|-------------------|-------------|-------------------|------------|
| Á eftirlitsáætlun        | 398               | 311         | 190               | 899        |
| Reglubundið eftirlit     | 373               | 284         | 169               | 826        |
| <b>Hlutfall heimsótt</b> | <b>94%</b>        | <b>91%</b>  | <b>89%</b>        | <b>92%</b> |

Auk reglubundins eftirlits voru fyrirtæki heimsótt vegna úttekta í tengslum við starfsleyfisvinnslu, kvartana, eftirfylgni og vegna sýnatöku.

## 4.3 Sýnataka

Á árinu 2021 tók Heilbrigðiseftirlit Austurlands alls 326 sýni og sendi til rannsóknar, álíka mörg og undanfarin ár. Tilgangur sýnatöku er að ganga úr skugga um að kröfur sem fram koma í reglugerðum og starfsleyfum séu uppfylltar. Algengast var, líkt og undanfarin ár, að sýni væru tekin af neysluvatni. Auk þess er tekið talsvert af sýnum til að fylgjast með virkni fráveitukerfa og heilnæmi baðvatns. Á meðfylgjandi mynd sést yfirlit yfir fjölda og tegundir sýna sem tekin voru á árinu. Nánar verður fjallað um sýnatöku og rannsóknarniðurstöður síðar í skýrslunni.




Mynd 4. Fjöldi sýna undanfarin 5 ár.



#### 4.4 Tóbakssöluleyfi

Alls höfðu 27 sölustaðir leyfi heilbrigðisnefndar til smásölu á tóbaki í árslok 2021 jafn margir og árið áður. Ekkert nýtt leyfi var gefið út árinu en tíu leyfi voru endurnýjuð. Tóbakssöluleyfi eru gefin út á grunni laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og gilda leyfin í 4 ár frá útgáfudegi. Eftirlit með fyrirkomulagi tóbakssölu fer fram árlega, samhliða reglubundu eftirliti með viðkomandi starfsstöðvum. Á meðfylgjandi mynd sést fjöldi útgefinna tóbakssöluleyfa auk fjölda gilda leyfa á hverju ári.



Mynd 5. Fjöldi útgefinna tóbakssöluleyfa og fjöldi leyfa í gildi.

#### 4.5 Kvartanir og ábendingar

Allar þær kvartanir og ábendingar sem berast heilbrigðiseftirlitinu er farið með sem trúnaðarmál og undir engum kringumstæðum er upplýst um hver það er sem kemur ábendingunni á framfæri. Heilbrigðiseftirlitið kannar tilefni kvartana og fer fram á úrbætur sé þess þörf.

Skráðar voru 25 kvartanir í kvartanaskrá HAUST árið 2021 allnokkru færri en undanfarin ár. Kvörtunum vegna gæludýra fækkaði talsvert á milli ára en þær hafa verið fyrirferðamiklar á undanförunum árum.

Á matvælasviði voru kvartanir tengdar heilsufari starfsmanna, umgegni í matvælafyrirtækjum og vatnsgæðum.

Kvartanir sem bárust á sviði mengunar og umhverfismála og sneru flestar að loftgæðum frá iðnaði hvort sem það var vegna ryks, sóts eða lyktar. Einnig var nokkuð um kvartanir vegna hávaða.

Á hollustuháttasviði var helst kvartað yfir ófullnægjandi hreinlæti bæði á sund- og gististöðum.

Tafla 3. Fjöldi kvartana síðastliðin fimm ár, skipt niður eftir sviðum.

|                     | 2017      | 2018      | 2019      | 2020      | 2021      |
|---------------------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| Matvæli             | 9         | 6         | 4         | 7         | 4         |
| Mengun/umhverfismál | 15        | 14        | 16        | 20        | 11        |
| Hollustuhættir      | 13        | 13        | 3         | 5         | 5         |
| Aðrar kvartanir     | 18        | 19        | 14        | 19        | 5         |
| <b>Alls</b>         | <b>55</b> | <b>52</b> | <b>37</b> | <b>51</b> | <b>25</b> |



## 5 MATVÆLAEFTIRLIT 2021

Matvælafyrirtæki á eftirlitsskrá HAUST voru 410 í árslok 2021 og fjölga um 3 á milli ára. Skiptingu fyrirtækjanna má sjá í meðfylgjandi töflu sem sýnir einnig samanburð við undanfarin ár.

Tafla 4. Fjöldi matvælafyrirtækja á eftirlitsskrá HAUST undanfarin 5 ár, skipt niður eftir sviðum.

| Flokkur                 | 2017       | 2018       | 2019       | 2020       | 2021       |
|-------------------------|------------|------------|------------|------------|------------|
| Stóreldhús              | 174        | 173        | 173        | 176        | 177        |
| Vatnsveitur <150 íbúar  | 130        | 120        | 123        | 126        | 128        |
| Vatnsveitur > 150 íbúar | 15         | 15         | 20         | 20         | 19         |
| Smásalar                | 41         | 41         | 41         | 39         | 40         |
| Framleiðsla og pökkun   | 30         | 31         | 36         | 37         | 37         |
| Önnur matvælafyrirtæki  | 9          | 9          | 9          | 9          | 9          |
| <b>Alls</b>             | <b>399</b> | <b>399</b> | <b>402</b> | <b>407</b> | <b>410</b> |

Flest matvælafyrirtæki á starfssvæðinu eru stóreldhús, en í þann flokk falla m.a. veitingastaðir og mótuneyti. Vatnsveitur á svæðinu voru 147 í árslok 2020, þar af 128 litlar vatnsveitur sem þjóna 150 íbúum eða færri. Í flokk lítilla vatnsveitna falla til dæmis vatnsveitur sem þjóna mjólkurbúum og annarri matvælaframleiðslu í dreifbýli.

Eftirlitsáætlun HAUST gerir ráð fyrir að matvælafyrirtæki séu heimsótt árlega að jafnaði, þó að undanskildum litlum vatnsveitum, sem heimsóttar eru annað hvert ár.

### 5.1 Niðurstöður sýnatöku


Til þess að staðfesta að kröfur sem settar eru í reglugerðum varðandi örveru- og efnafræðileg gæði matvæla séu uppfylltar eru tekin sýni og send til rannsókna. Langflest matvælasýni sem tekin voru árið 2021 voru af neysluvatni, auk þess voru tekin sýni af ís úr vél og ostum framleiddum á svæðinu.

#### 5.1.1 Neysluvatn

Úr vatnsveitum sem þjóna fleiri en 150 íbúum eru tekin allt að 6 sýni árlega, fjöldi sýna ræðst af því hve mörgum veitan þjónar og einnig því hvort um er að ræða vatnshreinsibúnað á borð við útfjólublátt ljós.


Úr vatnsveitum sem þjóna fleiri en 501 íbúa skal afla reglubundið upplýsinga um ástand neysluvatns með tillit til efna, eðlis og örverufræðilegra þátta. Slík heildarúttekt var gerð fyrir níu neysluvatnsveitur á árinu.

Nýjustu niðurstöður fyrir heildarúttektir vatnsveitna og reglubundið eftirlit stærri vatnsveitna eru aðgengilegar á heimasíðu heilbrigðiseftirlits Austurlands, [www.haust.is](http://www.haust.is)




**Mynd 6. Niðurstöður sýnatöku úr vatnsveitum sem þjóna fleiri en 150 íbúum**

Af 82 sýnum sem tekin voru úr vatnsveitum sem þjóna 150 íbúum eða fleiri reyndust 78 vera í lagi eða 85% sem er mun lægra hlutfall en undanfarin ár. Í kjölfar sýnatöku kom í ljós að vatnsból tveggja vatnsveitna á svæðinu voru ekki nægilega vel varin gagnvart yfirborðsvatni og kjölfarið var tekin ákvörðun um að meðhöndla vatn úr þeim með útfjólubláu ljósi.



**Mynd 7. Grútur á Eskifirði**




**Mynd 8. Niðurstöður sýnatöku úr vatnsveitum sem þjóna færri en 150 íbúum**

Af 69 sýnum sem tekin voru úr vatnsveitum sem þjóna 150 íbúum eða færri reyndust 58 vera fullnægjandi eða 84%. Ástæður þess að vatn stenst ekki gæðakröfur geta verið mismunandi, yfirleitt er þó um að ræða mengun sem rekja má til yfirborðsvatns.

### 5.1.2 Ís úr vél

Eins og undanfarin ár voru tekin sýni á öllum starfsstöðvum sem hafa leyfi til að selja ís úr vél og eru þau rannsökuð m.t.t. reglugerðar um örverufræðileg viðmið. Niðurstöður koma fram á meðfylgjandi mynd, ásamt samanburði við niðurstöður undanfarinna fimm ára.



Mynd 9. Ís úr vél, niðurstöður sýnatöku

Öll sýnin 9 sem tekin voru í reglubundnu eftirliti stóðust kröfur reglugerðar um örverufræðileg viðmið en slíkt hefur ekki gerst áður og er vonandi vísbending um aukið hreinlæti og betri vinnubrögð við ísvélar og meðferð á ísblöndu.

### 5.1.3 Önnur matvælasýni

Til viðbótar við sýni af neysluvatni og ís úr vél voru tekin sýni af framleiðslu þriggja smáframleiðanda á svæðinu sem framleiða mjólkurafurðir. Öll sýnin fjögur sem tekin voru stóðust kröfur reglugerðar um örverufræðileg viðmið.

## 5.2 Matvælahópur

Á vettvangi MAST og HES er starfræktur svokallaður matvælahópur en hann er skipaður fulltrúum frá öllum heilbrigðiseftirlitssvæðunum, auk sérfræðinga MAST. Markmið hópsins er að stuðla að samráði og samhæfingu milli MAST og HES og tryggja upplýsingaflæði milli aðila. Hópurinn skipuleggur meðal annars sameiginleg átaksverkefni í matvælaeftirliti og fundaði reglulega á árinu 2021. Fulltrúi HAUST í hópnum er Leifur Þorkelsson.



## 6 HOLLUSTUHÁTTAEFTIRLIT 2021

Fyrirtæki á hollustuháttasviði á eftirlitsskrá HAUST voru 669 í árslok 2021. Skiptingu þeirra má sjá í meðfylgjandi töflu sem sýnir einnig samanburð við undanfarin ár.


Tafla 5. Skipting fyrirtækja á hollustuháttasviði árin 2017- 2021.

| Flokkur                   | 2017       | 2018       | 2019       | 2020       | 2021       |
|---------------------------|------------|------------|------------|------------|------------|
| Sala á gistingu           | 344        | 321        | 310        | 306        | 288        |
| Samkomustaðir             | 82         | 84         | 87         | 79         | 78         |
| Skólar og menntastofnanir | 60         | 64         | 61         | 60         | 59         |
| Íþróttastaða              | 55         | 57         | 60         | 62         | 61         |
| Snyrtistofur              | 38         | 38         | 35         | 37         | 39         |
| Heilbrigðisþjónusta       | 33         | 33         | 32         | 32         | 34         |
| Leiksvæði                 | 67         | 68         | 71         | 67         | 69         |
| Hestaleigur               | 11         | 10         | 9          | 9          | 9          |
| Annað                     | 33         | 31         | 31         | 31         | 32         |
| <b>Alls</b>               | <b>723</b> | <b>706</b> | <b>696</b> | <b>683</b> | <b>669</b> |

Fjöldi fyrirtækja á hollustuháttasviði fækkar lítillega á milli ára og hefur sú þróun haldist síðast liðin fimm ár. Fækkað hefur um 54 fyrirtæki á þessu tímabili. Í flokkum sala á gistingu fækkar úr 306 stöðum niður í 288 á milli ára. Skýrist það fyrst og fremst af minni gististöðum sem halda áfram að færa sig frá því að vera með starfsleyfi heilbrigðisnefndar fyrir gististaði í heimahúsum eða litlum íbúðum yfir í rekstarleyfi sýslumanns fyrir heimagistingu.

### 6.1 Gististaðir

Á sviði hollustuhátta eru gististaðir viðamesti fyrirtækjaflokkurinn. Í lok árs 2021 voru 288 gististaðir með starfsleyfi á starfssvæði HAUST. Aukinn áhugi hefur verið á meðal rekstraraðila gististaða á bjóða ferðamönnum að hafa hunda með sér í gistinguna. Skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti er óheimilt hleypa hundum inn á gististaði. Nokkrir gististaðir hafa sótt um undanþágu frá þessu ákvæði til ráðuneytisins. Gististaðir sem sækjast eftir slíkri undanþágu verða að uppfylla ákveðin skilyrði til að eiga kost á slíkri heimild. Nokkur hótél á starfssvæði HAUST hafa fengið heimild til að bjóða hundum á að gista á hótélum með eigendum sínum. Upplýsingar um hótélina og undanþáguheimildirnar eru birtar á heimasíðu HAUST. Eitthvað hefur borið á því að gististaðir hafi tekið upp á sitt einsdæmi að bjóða hundum með eigendum sínum til dvalar. Slíkt er með öllu óheimilt og skýrt brot á starfsleyfi sem og lögum og reglugerðum sem gilda um starfseminna.



Mynd 10. Fjöldi gististaða með starfsleyfi hjá HAUST

## 6.2 Skipaskoðanir


Í samræmi við kröfur í alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni þurfa öll skip, sem eru í millilandasiglingum og koma að landi á Íslandi, að hafa gilt sóttvarnaundanþáguvottorð, ekki eldra en 6 mánaða. HAUST hefur á undanförunum árum skoðað skip og gefið út slík vottorð í kjölfarið.

Árið 2020 framkvæmdi HAUST þrjár skipaskoðanir í Fjarðabyggðahöfnum, jafn margar og árið áður.

## 6.3 Sund- og baðstaðir

Eftirlit með sund og baðstöðum er alla jafna árlegt en stærri staðir fá eftirlit tvisvar sinnum yfir árið. Við eftirlit er meðal annars farið yfir öryggismál og innra eftirlit. Yfirferð á slysaskráningum er mikilvægur þáttur í eftirliti þar sem meðal annars er farið yfir viðbrögð við slysum og úrbætur í kjölfar þeirra. Sýnataka úr laugarkerfum þ.m.t. köldum kerum, er einnig hluti af reglubundnu eftirliti heilbrigðisfulltrúa. Alla jafna koma laugar með sjálfvirkri klór og sýrustigs stýringu vel út. Þó kemur það fyrir að sýni sem tekin eru í slíkum laugum standast ekki ákvæði reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Má það yfirleitt rekja til annað hvort bilunar í búnaði, vankunnáttu starfsmanna eða of mikils álags á laugarkerfi.

Alls voru tekin 70 baðvatnssýni á árinu 2020 og stóðust 55 þeirra þær kröfur sem koma fram í reglugerð eða 79%. Af þeim sýnum sem stóðust ekki gæðakröfur voru þrjú tekin í köldum körum, sjö í laugum þar sem búnaður til sjálfvirkrar klórskömmtunar er til staðar og fimm sýni í heitum pottum án sjálfvirkrar klórskömmtunar.



**Mynd 11. Niðurstöður sýnatöku á baðvatni undanfarinna fimm ára.**

Á starfssvæði HAUST eru tvær laugar sem falla undir reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni, önnur í 1. flokk en hin í 2. flokk. Baðvatnssýni eru tekin yfir háannatíma. Líkt og fyrri ár, stóðust öll sýni sem tekin voru úr náttúrulegum ákvæði reglugerðar nr. 460/2015. Hámörk fyrir gerla í náttúrulegum eru töluvert hærra en í hefðbundnum sundlaugum þar sem krafist er sótthreinsunar á baðvatninu. Í hefðbundinni sundlaug standast sýni ekki ákvæði reglugerðar 814/2010, ef einn saurkólígerill finnst í baðvatninu. Í náttúrulegum falla sýni ekki fyrir en fjöldi saurkólígerla fer yfir 500 í 100 ml fyrir laugar í flokki 1. Fyrir náttúrulegar í flokki 2 eru mörkin helmingi hærra eða 1000 saurkólígerlar í 100 ml.

## 6.4 Hollustuháttahópur

Markmið samstarfshóps Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga á sviði hollustuhátta er m.a. að vera grundvöllur samráðs og samhæfingar eftirlits. Fulltrúi HAUST í hópnum er Lára Guðmundsdóttir. Alla jafna er fundað mánaðarlega en að undanskyldum sumarmánuðum. Hópurinn hittist einu sinni á árinu á stuttum vinnufundi í Reykjavík. Árlegt eftirlitsverkefni var könnun á öryggismálum á dvalarheimilum aldraðra. Unnið var sambærileg verkefni árið 2010 en ekki er útséð með hvenær niðurstöður verkefnisins liggja fyrir. Gerð gagnagrunns, úrvinnsla gagna og skýrslugerð er á ábyrgð Umhverfisstofnunar.



## 7 MENGUNARVARNAEFTIRLIT 2021

Á eftirlitsskrá HAUST í árslok 2021 voru 341 starfsstöð á mengunarvarnarsviði og fjölgar þeim um 6 á milli ára. Skiptingu starfsstöðvanna má sjá í meðfylgjandi töflu sem sýnir einnig samanburð við undanfarin ár.

Tafla 6. Sundurliðun á fyrirtækjum á mengunarvarnarsviði.

| Flokkur                         | 2017       | 2018       | 2019       | 2020       | 2021       |
|---------------------------------|------------|------------|------------|------------|------------|
| Þjónusta við bíla og tæki       | 123        | 124        | 119        | 120        | 117        |
| Meðferð úrgangs                 | 84         | 82         | 80         | 75         | 79         |
| Matvælavinnsla                  | 43         | 43         | 40         | 39         | 42         |
| Virkjanir, spennistöðvar o.þ.h. | 27         | 28         | 28         | 29         | 29         |
| Jarðefnavinnsla                 | 15         | 16         | 13         | 14         | 16         |
| Þauleldi                        | 7          | 4          | 1          | 1          | 1          |
| Trésmíðaverkstæði               | 14         | 14         | 13         | 14         | 14         |
| Verslanir og vörugeymslur       | 5          | 5          | 6          | 5          | 5          |
| Þvottahús og efnalaugar         | 9          | 11         | 12         | 11         | 11         |
| Annað                           | 31         | 31         | 27         | 27         | 27         |
| <b>Alls:</b>                    | <b>358</b> | <b>358</b> | <b>339</b> | <b>335</b> | <b>341</b> |

### 7.1 Sýnataka við fráveitur

Fráveitur, útrásardælustöðvar og skólphreinsistöðvar eru starfsleyfisskyldar hjá viðkomandi heilbrigðisnefnd skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit m.s.br. Heilbrigðiseftirlitið tekur árlega sýni við fráveituútrásir sveitarfélaganna. Sýnatökustaðir eru valdir með tilliti til nálægðar við útrásir, við útivistarsvæði, í nálægð við matvælafyrirtæki og í smábátahöfnum. HAUST hefur einnig aðstoðað sveitarfélög við sýnatökur á sig- og grunnvatni við sorpurðunarstaði en sorpurðunarstaðir eru starfsleyfisskyldir hjá UST.

### 7.2 Umhverfisgæðahópur

Umhverfisgæðahópur er skipaður fulltrúum frá Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Umhverfisstofnun hefur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir það hlutverk að stuðla að samræmdu eftirliti á landsvísu. Fulltrúi HAUST í hópnum er Dröfn Svanbjörnsdóttir. Hópurinn fundaði sex sinnum yfir vetrartímann, en hittist auk á tveggja daga vinnufundi á Laugarbakka.

Hópurinn vinnur enn að því að safna gögnum um olúgeyma við hafnir sem og að kortleggja neyslu-, lausa- og húsaeyma hjá fyrirtækjum og verktökum. Bréf var sent á olúfélögin og hafnir og samræmt skráningarform gefið út í byrjun árs 2020. Hópurinn hefur út árið 2022 til að til að klára að kortleggja staðsetningu geyma og meta ástand þeirra. Umhverfisstofnun heldur utan um verkefnið.



## 8 LOKAORÐ

Starfsemi HAUST á árinu 2021 gekk vel, heimsfaraldur inflúensu setti þó mark sitt á starfsemina hluta ársins en í mun minni mæli en árið áður. Eftirlit ársins gekk ágætlega sem og samskipti við eftirlitsþega, sveitarfélög og aðrar stofnar.

Samningur við Umhverfisstofnun um framsal eftirlits með fiskimjölsverksmiðjum rann út í árslok 2021. HAUST óskaði eftir nýjum samningi og lýsti jafnframt yfir vilja til þess að taka að sér aukin verkefni fyrir hönd stofnunarinnar. Um mitt ár kom hins vegar í ljós að ekki var vilji hjá UST til þess að semja á ný um eftirlitsverkefni. Á tveimur árum hefur því eftirlit með sjö sorpurðunarstöðum og sex fiskimjölsverksmiðjum á Austurlandi flust frá HAUST til UST þrátt fyrir ríkan vilja HAUST til að sinna verkefnunum áfram.

Hvað varðar heilbrigðiseftirlit á Íslandi einkenndist árið 2021 af hefðbundnum hægagangi í ráðuneyti umhverfismála, sem reyndar fékk nýtt nafn árinu og kallast nú Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. Ekkert bólar enn á reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur sem hefur verið undirbúningi frá árinu 2018. Þetta olli töluverðum vandræðum í árslok þar sem félagasamtök á borð við björgunarsveitir áttuðu sig á því að, í kjölfar laga breytinga þarf að auglýsa tillögur að starfsleyfum fyrir flugeldasýningar í 4 vikur áður en starfsleyfi væri gefið út. Auk þess sem upplýsingar á heimasíðum stjórnvalda voru misvísandi. Allt leystist þetta nú samt á síðustu stundu en olli vissulega óvissu og óþægindum hjá mörgum, sem auðveldlega hefði mátt koma í veg fyrir með skýrum reglugerðum og leiðbeiningum.

Auk reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur er enn beðið eftir nýrri reglugerð og um fráveitur og skólp sem hefur verið unnið að í enn lengri tíma. Ekkert hefur frést af því hvort ráðist verði breytingar á núverandi eftirlitskerfi hér á landi í kjölfar úttektar tveggja ráðuneyta á vordögum 2020.

Júlí 2022

Lára Guðmundsdóttir  
staðgengill frkv.stjóra

Leifur Þorkelsson  
framkvæmdastjóri HAUST